

Saga 2036

Dagskóli

Nafn: _____

Kennitala: _____

Kennarar: Ásgeir Sigurðsson ()

Sæmundur Rögnvaldsson ()

Próftími er **ein og hálf klukkustund**. Prófið er á **sjö** blaðsíðum með forsiðu.

Prófið skiptist í eftirtalda þætti:

A. Krossasurningar	30%	_____
B. Tímaraðir	10%	_____
C. Pörun	10%	_____
D. Útskýringar	15%	_____
E. Verkefni	15%	_____
F. Ritgerð	20%	_____
Samtals	100%	_____

A. (30%) Krossaspurningar. Setjið x í sviga við rétt svar. Einungis eitt svar er rétt.

1. Hverjir voru bandamenn Þjóðverja í fyrri heimsstyrjöldinni?
 - Japanir.
 - Ítalir.
 - Serbar.
 - Búlgarar.

2. Hlutverk Hayes-nefndarinnar var að
 - efla bandarískar kvikmyndir í samkeppni við evrópska kvikmyndagerð.
 - tryggja góða aðsókn að kvikmyndahúsum.
 - koma í veg fyrir ofbeldi í kvikmyndum.
 - hafa eftirlit með siðgæði í kvikmyndum.

3. Hvaða íslenskur rithöfundur var í hávegum hafður í Þýskalandi nasismans?
 - Guðmundur Kamban.
 - Gunnar Gunnarsson.
 - Halldór Laxness.
 - Þórbergur Þórðarson.

4. Ritið *Íslensk menning* er eftir
 - Einar Benediktsson.
 - Halldór Laxness.
 - Sigurður Nordal.
 - Þórbergur Þórðarson.

5. Hvert eftirtalinna atriða á **helst** við um heimsstyrjöldina fyrri?
 - Leifturstríð
 - Flugmóðurskip
 - Eiturgas
 - Loftárásir

6. Í hvaða landi kom *fasisminn* fyrst fram?
 - Í Frakklandi
 - Á Ítalíu
 - Á Spáni
 - Í Þýskalandi

7. 30. mars 1949 var eftirminnilegur dagur á Íslandi af því að
 - þá kom bandaríski herinn á ný til Íslands.
 - þá urðu stjórnarskipti á Íslandi og nýsköpunarstjórnin tók við.
 - þá urðu átök Austurvelli og við Alþingishúsið af því að verið var að samþykkja inngöngu í Nató.
 - þá gengu Íslendingar í Sameinuðu þjóðirnar.

8. Hvert þessara atriða átti við um Framsóknarflokkinn á fyrri hluta 20. aldar?
- Jafnaðarstefna
 - Frjálshyggja
 - Samvinnustefna
 - Þjóðnýting
9. Kjarninn í „New Deal“, efnahagsstefnu Roosevelt Bandaríkjaforseta, var að
- fylgja kenningum frjálshyggjunnar um frelsi í efnahagsmálum.
 - lækka skatta og einkavæða fyrirtæki.
 - styrkja bandarískan iðnað með því að banna innflutning á erlendum iðnaðarvörum.
 - auka ríkisafskipti af efnahagsmálum.
10. Landhelgin við Ísland var færð út í 50 sjómflur árið
- 1958.
 - 1961.
 - 1972.
 - 1975.
11. Svínaflóainnrásin
- markaði upphaf byltingar kommúnista á Kúbu.
 - var í andstöðu við áform Kennedys forseta BNA um friðsamleg samskipti við Kúbu.
 - var tilraun kúbanskra útlaga til að hrekja stjórn Kastrós frá völdum á Kúbu.
 - átti að koma í veg fyrir að Sovétmenn kæmu kjarnorkueldflugum fyrir á Kúbu.
12. Hver mælti: „Ég á mér draum“?
- Rósa Parks
 - Marteinn Luther King
 - Nelson Mandela
 - John F. Kennedy
13. Í Keflavíkursamningnum var sagt með skýrum hætti að
- herinn yrði hér áfram.
 - herinn færi á brott.
 - Íslendingar þyrftu að taka meiri þátt í vörnum landsins.
 - Ísland gengi í NATÓ.
14. Hann var baráttumaður fyrir sjálfstæði þjóðarinnar og lagði áherslu á óhlýðnaðgerðir án valdbeitingar. Þetta á við um
- Maó Tse-tung
 - Mahatma Gandhi.
 - Anwar Sadat.
 - Dalai Lama.

15. Eftir að Watergatehneykslið komst í hámmæli þurfti forseti BNA að láta af embætti.

Þetta var

- Lyndon B. Johnson.
- Gerald Ford.
- Spiro Agnew
- Richard Nixon.

16. Hinn 24. október 1975 var sérstakur hátíðisdagur á Íslandi vegna þess að

- Vigdís Finnbogadóttir sór embættiseið sem forseti.
- Landhelgin var færð út í 50 sjómíllur.
- handritin voru afhent í Reykjavík.
- haldinn var kvennafrídagur í Reykjavík.

17. Fimmtudagurinn svarti sem markaði upphaf kreppunnar miklu var

- í nóvember 1918.
- í október 1929.
- í nóvember 1932.
- í september 1939.

B. (10%) Tímaraðir. Raðið í tímaröð með því að setja viðeigandi númer í svigana, 1 við það sem gerðist fyrst, 2 við það sem gerðist næst o.s.frv. Tímaraðirnar eru tvær og hvorri um sig á að raða í rétta röð.

a)

- Versalásamningurinn
- Spænska veikin
- borgarastyrjöld á Spáni
- Alþingishátíðin
- morðin í Sarajevó

b)

- Reykjavíkurfundurinn
- Lok Vietnamstríðsins
- Fall Berlínarmúrsins
- Kóreustríðið
- kommúnistar ná völdum í Kína

C. (10%) Þörun. Parið saman með því að setja viðeigandi tölustafi í svigana. Athugið að eitt atriði gengur af hægra megin; þar á að setja x.

- | | |
|-------------------------|-------------------------------|
| 1. Al Jolson | () Versalasingurinn |
| 2. Hermann Jónasson | () Varsjárbandalagið |
| 3. Brynjólfur Bjarnason | () togaraútgerð frá Íslandi |
| 4. Nikita Krústsjov | () fyrsti ráðherra Íslands |
| 5. John F. Kennedy | () Afríska þjóðarráðið |
| 6. Hannes Hafstein | () járnaldrið |
| 7. Nelson Mandela | () Kommúnistaflokkur Íslands |
| 8. Winston Churchill | () fyrsta talmyndin |
| 9. Woodrow Wilson | () Framsóknarflokkurinn |
| 10. Thor Jensen | () Lee Harvey Oswald |

D. (15%) Útskýringar. Útskýrið í stuttu máli. Miðið við að ekki færri en þrjú atriði komi fram í hverri útskýringu.

1. Hvíti dauðinn _____

2. „púðurtunnan á Balkanskaganum“ _____

3. sex daga stríðið _____

4. Víetkong _____

5. apartheid (aðskilnaðarstefnan) _____

6. „dómínókenningin“ _____

Spurningunum í lið E og F hér að neðan á að svara á próförk.

Lesið spurningarnar vel og svarið því sem spurt er um!

E. (15%) Verkefni. Veljið **þrjú** verkefni. Hvert verkefni gildir 5%.

1. Stofnun Sjálfstæðisflokksins
2. Breytingar á landamærum eftir fyrri heimsstyrjöldina.
3. Helstu viðbrögð stjórnvalda á Íslandi við áhrifum kreppunnar.
4. Fullveldið 1918 og helstu ákvæði þess.
5. Menningarbyltingin í Kína.

F. (20%) Ritgerð. Veljið **eitt** ritgerðarefnið.

1. *Ísland við upphaf 20. aldar*

Hér á að fjalla um aðstæður á Íslandi um aldamótin 1900, breytingar í atvinnuháttum á fyrstu árum nýrrar aldar, búsetu, fánamál, félagsmál og segja frá nýjungum sem settu svip sinn á þjóðlífið á tímabilinu 1900-1920.

2. *Seinni heimsstyrjöldin í Evrópu og á Íslandi*

Hér á að fjalla um upphaf seinni heimsstyrjaldarinnar í Evrópu og rekja stuttlega gang stríðsins. Hverjir voru að berjast, hvar, hvernig og við hverja. Fjalla á um helförina. Hvernig endaði stríðið? Einnig á að fjalla um áhrif stríðsins á Íslandi í formi hernámsins og áhrifa þess en einnig um þátttöku Íslendinga í stríðinu og fórnir þeirra. Fjalla skal líka um tengsl lýðveldisins við stríðið. Nefndu í lokin nokkrar (5) afleiðingar stríðsins, bæði hagrænar og stjórnmálalegar.

3. *Rússneska byltingin*

Hér á að fjalla um breytingarnar í Rússlandi í upphafi 20. aldar, um byltinguna, byltingarmennina og hugsjónir þeirra og athafnir. Einnig að fjalla um borgarastríðið, sigur kommúnista og afleiðingar hans. Um stjórn kommúnista, um breytingarnar, um áætlanabúskapinn og stjórnarhætti Stalíns. Hvað einkenndi samfélagið á hans dögum? Hvernig birtist það?